

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík, 19. október 2009  
Tilvísun: UST20090900116/bs

## Efnistaka vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Ölfusi. Frummatsskýrsla. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Hér er um að ræða þjú efnistökusvæði í landi Hrauns:

**Efnistökusvæði 1**, er yst á Óseyrartanga. Þar er tekin sandur úr fjörunni neðan gróðurmarka.

Efnistaka þarna er tiltölulega lítil eða um  $2000 \text{ m}^3$  á ári. Ráðgert er að taka þetta magn árlega næstu 20 ár. Sjórinn ber sand að nýju upp í efnistökusvæðið. Ekki hefur orðið vart breytinga á strandlínú við efnistökusvæðið.

**Efnistökusvæði 3**, er vestarlega á Óseyrartanga. Þarna er tekinn foksandur úr fjörunni sem safnast hefur í melgresiskamb. Þarna hefur verið tekið efni frá árinu 1968. Ráðgert er að taka þarna um  $18.000 \text{ m}^3$  á ári næstu 20 ár. Frágangur námunnar felst í því að græða upp botn hennar á 2-3 ára fresti. Talið er að meira fjúki af sandi úrfjörunni en sem nemur viðhaldi hólanna bæði vegna efnisnámsins og náttúrulegar dreifingar.

**Efnistökusvæði 5**, er í hrauntotu úr Leitahrauni um 500 m norðan við Eyrarbakkaveg. Leitahraun telst til nútímhrauna og telst því til þeirra jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Fram kemur í greinargerð að

Leitahraun er gríðarstórt og er talið að hraunið sé um  $75 \text{ km}^2$  að flatarmáli. Núverandi náma er um 5 ha að flatarmáli. Áætluð efnistaka næstu 25 ár er áætluð  $150.000 \text{ m}^3$  og að flatarmál hennar verði þá um 20 ha. Ráðgert er að vinnsludýpi námunnar verði um 4 metrar. Hraunið við fyrirhugað námusvæði er nokkuð slétt, allgróið og nokkuð sandi orpið.

Við frágang námunnar ætti að leggja áherslu á að skilja eftir samfelldan nokkuð sléttan námubotn.


Í frummatsskýrslu er gerð fullnægjandi grein fyrir áhrifum efnistökunnar á landslag, gróðurfar, dýralíf og vatnafar. Einnig er gerð ítarleg grein fyrir tilfærslu sands að fyrirhuguðum efnistökusvæðum.

Umhverfisstofnun telur að frekari efnistaka á ofangreindum svæðum muni ekki hafa neikvæð áhrif á vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar eða plöntur á válista. Ekki er talið að efnistakan muni hafa neikvæð áhrif á fugla- eða dýralíf. Sjónræn áhrif efnistökunnar verða að áliti Umhverfisstofnunar lítil. Stofnunin telur að grjótnám í Leitahrauni muni hafa varanleg áhrif á lítinn hluta hraunsins. Bætt umgengni um námuna myndi gagnast uppgræðslu og bæta ásýnd námunnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri